



Jökullarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 34

Apríl 1991

VORFUNDUR

Vorfundur félagsins verður haldinn á Hótel Lind, Rauðarárstíg, þriðjudaginn 30. apríl kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Hvernig kemst Hofsjökull af? *Oddur Sigurðsson* segir frá mælingum á Hofsjökli undanfarin 3 ár.
2. Kaffidrykkja og kökuát.
3. Fjallaklifur í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum *Einar K. Stefánsson* sýnir myndir og segir frá.

VORFUNDUR

Vorfundur félagsins verður haldin 30. apríl n.k. þ.e. á aðfangadegi Valborgarmessu. Þar ætlar Oddur Sigurðsson að flytja erindi um afkomu Hofsjökuls undanfarin 3 ár.

Algengt er að jökla­mælingamenn og félagar í JÖRFÍ séu spurðir hvort jöklar séu að minnka í ár eða stækka. Við þessu hefur að jafnaði ekki verið til neitt svar. Þótt við sjáum að jökulsporður standi frammar í ár en í fyrra, þarf það ekki að þýða að jökullinn fari stækkandi. Undanfarin 3 ár hefur afkoma Hofsjökuls verið mæld árlega á vegum Orkustofnunar og má á þeim mælingum sjá berlega ekki bara hvort hann hefur stækkað eða minnkað, heldur líka hversu mikið.

Eftir kaffihlé sýnir Einar K. Stefánsson myndir frá klifri á McKinley fjall í Alaska (6195 m y.s.) vorið 1989 og fjöllin Lenin (7134 m y.s.) og Komunisma (7495 m y.s.) í Sovétríkjunum s.l. sumar.

AÐALFUNDUR JÖRFÍ 1991

Aðalfundur Jökla­rannsóknafélags Íslands var haldinn 26. febrúar 1991 á Hótel Lind að venju. Af því sem þar gerðist er helst að nefna að lögum félagsins var breytt í 2 greinum og eru lög­in birt í heild annars staðar hér í bréfinu.

Stjórn Jökla­rannsóknafélags Íslands

Helgi Björnsson formaður kosinn 1989 til 3 ára

Sveinbjörn Björnsson varaformaður kosinn 1991 til 2 ára

Oddur Sigurðsson ritari kosinn 1991 til 2 ára

Jón E. Ísdal gjaldkeri kosinn 1990 til 2 ára

Stefán Bjarnason meðstjór­mandi kosinn 1990 til 2 ára.

Varastjórn Jökla­rannsóknafélags Íslands

1. Einar Gunnlaugsson

2. Ástvaldur Guðmundsson

3. Jón Sveinsson

4. Pétur Þorleifsson.

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknane­fnd: Helgi Björnsson formaður, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Már Magnússon og Oddur Sigurðsson.

- Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Sverrir Hilmarsson, Alexander Ingimarsson og Pétur Þorleifsson.
- BÍlanefnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Hafliði Bárður Harðarson, Árni Páll Árnason og Þorsteinn Jónsson.
- Ferðanefnd (skv. nýjum lögum): Ástvaldur Guðmundsson formaður, Halldór Gíslason yngri, Hannes Haraldsson og Soffía Vernharðsdóttir.
- Skemmtinefnd: Bryndís Brandsdóttir, Stefán Bjarnason, Halldór Gíslason yngri og fulltrúi Kvenfélags Grímsvatnahrepps.
- Frestað var skipun ritnefndar Jökuls.
- Samkvæmt nýju lögunum voru kjörnir menn í valnefnd í fyrsta sinn. Það eru þeir Gunnar Guðmundsson til 1 árs, Sigurjón Rist til 2 ára og Sveinbjörn Björnsson til 3 ára.

VORFERÐ

Í vændum er vorferð á Grímsfjall. Menn eru þegar farnir að búa sig undir ferðina og er það einkum nýstofnuð ferðanefnd sem hefur sig í frammi, enda hvílir ábyrgð samræmingar á henni. Enn verður reynt að komast með bor í gegn um íshelluna á Vötnunum, mæla hitann og ná sýnum til efnagreiningar. Mælt verður með íssjátni í nágrenni við Vötnin bæði sunnan og norðan Grímsfjalls. Norðmenn koma með nýja íssjá og verður spennandi að sjá hvernig hún reynist. Auk þessa eru venjubundnar mælingar á ákomu og vatnshæð í Vötnunum og viðhald húsa og tækja.

LÖG JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS

1. Félagið heitir Jökklarannsóknafélag Íslands (Iceland Glaciological Society), skammstafað JÖRFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
2. Markmið félagsins er að stuðla að rannsóknum og ferðalögum á jöklum landsins, gefa út tímaritið Jökul, ásamt fréttabréfi og gangast fyrir fræðandi fyrirlestrum og myndasýningum.
3. Félagar geta allir þeir orðið, er áhuga hafa á rannsóknum á jöklum og jöklaferðum. Félögum skal skipta í þrjá hópa:
 1. Almenna félaga
 2. Fjölskyldufélaga
 3. Heiðursfélaga.
4. Stjórn félagsins skipa 5 aðalmenn og 4 til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega til þriggja ára í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára í senn og ganga tveir þeirra úr stjórn ár hvert, en endurkjör er heimilt. Sama gildir um varamenn. Kosnir skulu tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Stjórn skal kosin skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa á. Stjórnin skiptir með sér verkum.
5. Stjórnarfundur skal halda svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði á tímabilinu frá 1. september til 31. maí og ennfremur ef þrír aðalstjórnarmenn æskja þess. Varamenn skal að jafnaði boða á stjórnarfundum. Stjórnarfundur er löglegur ef þrír aðalmenn sitja hann, enda hafi allir aðalmenn verið boðaðir. Á lögmætum stjórnarfundum ræður afl atkvæða um þær ákvarðanir sem teknar eru. Falli atkvæði jafnt skal atkvæði formanns ráða.
6. Aðalfundur kys þrjá félaga í valnefnd, sem hefur það hlutverk að fjalla um allar tillögur um kjör heiðursfélaga. Nefndina skulu skipa virtir félagar, sem verið hafa í félaginu eigi skemur en 15 ár. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn, þannig að einn komi til kjörs ár hvert. Tillaga um kjör heiðursfélaga skal vera skrifleg, studd af tveimur eða fleiri félögum. Hún skal send stjórn félagsins, sem leggur hana fyrir valnefnd. Nefndin getur einnig átt frumkvæði að tillögu um heiðursfélaga. Stjórn félagsins skal halda að minnsta kosti einn fund á ári með nefndinni. Formaður félagsins leggur tillögur um kjör heiðursfélaga fyrir aðalfund til samþykktar. Þær verða að hafa hlotið einróma stuðning valnefndar og stjórnar.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið og skal aðalfundur haldinn í Reykjavík fyrir 1. mars ár hvert. Skal hann boðaður með dagskrá í fréttabréfi sem póstlagt skal að minnsta kosti 10 dögum fyrir aðalfund og er hann þá lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
 3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
 4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
 5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
 6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
 7. Kjör valnefndar.
 8. Kosning endurskoðenda.
 9. Önnur mál.
8. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. febrúar og skulu þær birtar í aðalfundarboði.
9. Félagsgjöld ákveður stjórn félagsins og er tímaritið Jökull innifalið í þeim. Fjölskyldufélagar greiða lægri árgjöld og er tímaritið Jökull ekki innifalið í þeim. Heiðursfélagar njóta sama réttar og almennir félagar en greiða ekki árgjöld.
10. Stjórnin skipar, að loknum aðalfundi, í fimm aðalnefndir og setur þeim erindisbréf. Þær eru:
- | | |
|--------------------|---------------|
| 1. Rannsóknanefnd | 4. Ferðanefnd |
| 2. Ritnefnd Jökuls | 5. Bílanefnd. |
| 3. Skálanefnd | |
- Skal þess að jafnaði gætt að skipa formenn þessara nefnda úr hópi aðal eða varastjórnarmanna. Skipan stjórnar og nefnda skal birt í fyrsta fréttabréfi að loknun aðalfundi.
11. Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema hvað varðar gr. 13 og 15.
12. Enginn getur falið öðrum að fara með atkvæði sitt á aðalfundi.
13. Eigi má breyta eignaraðild félagsins að fasteignum eða tímaritinu Jökli nema með samþykki aðalfundar og þá aðeins að 2/3 hlutar greiddra atkvæða falli í þá átt.
14. Eigi má slíta félaginu, nema það verði samþykkt á tveimur lögmætum fundum í félaginu, sem haldnir eru með minnst mánaðar millibili. Skulu þeir boðaðir á sama hátt og aðalfundur og fundarefni skýrt tekið fram í fundarboði. Verði félaginu slitið skulu skjöl þess og aðrar eignir renna til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, þeirrar deildar hennar sem fæst við jöklarannsóknir.
15. Einungis aðalfundur getur breytt lögum þessum og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða.

SKÁLAGJÖLD

Stjórn félagsins ákvað að gisting í skálum félagsins skuli vera 600 kr. á nóttina og gilda jafnt fyrir alla. Auglýsum við hér enn trúnaðarmenn félagsins, sem haf lykлавöld á læstum skálum.

Stefán Bjarnason
Hæðargarði 54
Reykjavík
hs. 91-37392 vs. 91-686125

Vilhelm Ágúst Ágústsson
Stóragarði 16
Akureyri
s. 96-23900

Guðmundur Móriusson
Útgarði
Varmahlíð
s. 95-6127

Völundur Jóhannesson
Fjarðarhlíð 5
Egilsstöðum
s. 97-11315

Birkir Fanndal
Skútahrauni 14
Reykjahlíð
s. 96-44188

HUGMYNDASAMKEPPNI

Félaginu hefur borist kynningarbréf frá Kanada þar sem boðið er til keppni um hver fær bestar hugmyndir um hvernig borgarþúar megi búa í sáttir við veturinn. Heitið er veglegum verðlaunum þeim er leggur betra til en allir aðrir. Frestur til að tilkynna þátttöku rennur út 29. maí 1991. Frekari upplýsingar má fá hjá ritara félagsins Oddi Sigurðssyni Orkustofnun sími 91-83600.

SKJÁLFTAFRÉTTIR AF GRÍMSFJALLI

Í vorferðinni 1982 var settur jarðskjálftamælir á Grímsfjall. Mælingar gengu vel þar til í september sama ár. Þá bilaði rafstöðin og var hún ekki endurreist fyrr en í næstu vorferð þegar borað var eftir gufu í Eystri-Svíahnjúk. Því eru engar jarðskjálfta mælingar til frá Grímsfjalli

sem sýna aðdraganda eldsumbrotanna við Vestari-Svíahnjúk, í maí 1983. Vitað er að gosið átti sér greinilegan aðdraganda þar sem aukin skjálftavirkni mældist á öðrum mælum í mars, apríl og maí. Fyrstu árin var merkið frá Grímsfjalli sent í Skaftafell en frá síðasta ári hefur útskrift verið á Raunvísindastofnun. Skjálftamælirinn sýnir mikið af íshreyfingum og brestum og varla líður svo dagur að ekki sjáist viss gerð íshreyfinga, sem við höldum að stafi frá hrúni í fjallinu. Eftir gosið dró mjög úr smáskjálftum og lítil sem engin virkni mældist á svæðinu frá því í september 1984 þar til í lok síðasta árs.

Eftir miðjan júní 1990 byrjaði snögglega sérkennileg skjálftavirkni á mælinum í Jökulheimun. Þessi virkni stóð í 7 vikur og kom einnig fram á skjálftamælunum í Vonarskarði og á Grímsfjalli. Skjálftar þessir einkendust af hægum, óreglulegum sveiflum sem erfitt er að lesa byrjun á og því ekki hægt að staðsetja upptök þeirra með neinni nákvæmni. Upphaflega sáust skjálftarnir best á mælinum við Jökulheima og upptökin virtust vera næst þeim mæli. Í ágúst færðist virkinn nær Grímsvötnum en hætti síðan eins snögglega og hún byrjaði í byrjun ágúst. Samskonar virkni mældist 24.-28. október í haust og virtist hún vera nær Grímsvötnum en Jökulheimum. Ekki er ljóst hvað olli þessum hreyfingum en við teljum sennilegt að þær hafi staðið í einhverju sambandi við sprungumyndanir í ofanverðum Síðujökli. Ferðamenn á leið til Grímsvatna 22. júlí síðastliðinn urðu varir við nýjar jökulsprungur ofarlega á Síðujökli og 11. ágúst virtist sprungusvæðið hafa vaxið í átt til Háubungu. Ekki hafa sést nýjar sprungur á þessu svæði síðan 1962 en Síðujökull hljóp fram á árunum 1962-1964. Sprungumyndunin síðastliðið haust gæti bent til þess að stutt sé í að Síðujökull hlaupi fram. Vitað er að sprungumyndun hófst í Variegated jöklinum í Alaska 1-2 árum áður en hann hljóp fram 1983.

Undanfarna mánuði hefur orðið vart aukinna smáskjálfta á mælinum á Grímsfjalli. Allir þessir skjálftar, utan einn, eru það litlir að þeir koma ekki fram á mælum við jökuljaðarinn, í Vonarskarði, Jökulheimum og á Kvískerjum. Upptök skjálftanna virðast vera á svipuðum stað, í um 10 km fjarlægð frá Eystri-Svíahnjúk. Smáskjálftavirknin hefur verið nokkuð stöðug það sem af er þessu ári, að meðaltali 1 skjálfti á dag.

Í febrúar og mars urðu nokkrir sérkennilegir atburðir í grennd við Grímsfjall, sem við höfum ekki fullnægjandi skýringar á. Þessir atburðir stóðu yfir hluta úr degi uppí tvo sólarhringa og einkendust af mörgum

litlum kippum, svipuðum frostbrestum, og óróahviðum. Þessir atburðir sáust ekki á mælum utan jökulsins. Menn sem fóru á Grímsfjall helgina 16.-17. mars urðu varir við nýjan sigketil á leiðinni ofan í vötn. Nýji sigketillinn gefur til kynna breytingar á jarðhita svæðisins og þykir okkur sennilegast að atburðirnir á skjálftamælinum stafi frá því sama.

Í ljósi þess hvernig aðdragandinn var að gosinu í maí 1983 má leiða getum að því að stöðug smáskjálftavirkni nú gefi til kynna að þrýstingur sé aftur að aukast í kvikuþrónni undir Grímsvötnum. Aðrar skýringar koma líka til greina, svo sem smávægilegar breytingar á jarðhitavirkni. Ef kvikuþrýstingur er að aukast undir Grímsvötnum verður spennandi að sjá hvað gerist í væntanlegu Skeiðarárhlaupi þegar ytri þrýstingur á kvikuþróna snöggglækkar.

Bryndís Brandsdóttir
Páll Einarsson